

Umhverfis- og skipulagsráð

Ár 2017, miðvikudaginn 10. maí kl. 9:07, var haldinn 190. fundur umhverfis- og skipulagsráðs Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn að Borgartúni 12 - 14, 7. hæð. Ráðssal Viðstödd voru Karl Sigðursson, Stefán Finnsson, Sverrir Bollason, Gísli Garðarsson, Áslaug María Friðriksdóttir, Herdís Anna Þorvaldsdóttir, Trausti Harðarson og Sigurborg Ó Haraldsdóttir áheyrnarfulltrúi. Eftirtaldir embættismenn sátu fundinn: Örn Sigurðsson, Björn Axelsson, Þorsteinn Hermannsson, Gunnar Már Jakobsson, Gunnar Hersveinn Sigursteinsson og Marta Grettisdóttir Fundarritari er Björgvin Rafn Sigurðarson.

(A) Skipulagsmál

1. Afgreiðslufundir skipulagsfulltrúa Reykjavíkur, fundargerð Mál nr. SN010070

Lögð fram fundargerð afgreiðslufundar skipulagsfulltrúa Reykjavíkur, dags. 5. maí 2017.

2. Úlfarsárdalur, deiliskipulag (02.6) Mál nr. SN160431

Lögð fram tillaga umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 8. maí 2017, að deiliskipulagi sem felst í uppbyggingu og stækkun Úlfarsárdalshverfis. Einnig eru lagðir fram þrjú skýringaruppdrættir, dags. 8. maí 2017 og greinargerð og skilmálar, dags. 1. maí 2017. Jafnframt er lagður fram viðauki, minnisblað og útreikningar samgöngustjóra vegna Skyggnisbrautar, dags. 5. maí 2017. Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu, skv. 1. mgr. 41. gr. sbr. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Umhverfis og skipulagsráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins sitja hjá við afgreiðslu málsins og leggja fram svohljóðandi bókun:

Tekist hefur verið á um stærð nýs hverfis í Úlfarsárdal og telja fulltrúar Sjálfstæðisflokksins hverfið eins og það liggur nú fyrir of lítið. Þá telja fulltrúarnir að betur þurfi að vinna með bílastæði við verslunarkjarna og óþarfa kostnaður fylgi því að hafa hjólastíg báðum megin Skyggnisbrautar þegar hverfið er ekki stærra en raun ber vitni.

Fulltrúi Framsóknar- og flugvallarvina Trausti Harðarson situr hjá við afgreiðsluna.

Umhverfis- og skipulagsráðsfulltrúar Bjartrar framtíðar, Samfylkingarinnar og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi bókun:

Með samþykkt um breytingu á deiliskipulagi fyrir Úlfarsárdal er meirihlutinn að tryggja aukið framboð á lóðum til uppbyggingar í borginni í samræmi við Aðalskipulag Reykjavíkur, og er það aðalatriði þessarar tillögu. Árið 2006 var íbúðum í Úlfarsárdal fækkað í 773 en með þessari breytingu er verið fjölga þeim í allt að 1300. Mikil og vönduð vinna hefur farið í þessa tillögu og engin ástæða til þess að rengja innihald hennar sökum útfærslu á hjólastíg.

Vísað til borgarráðs.

Fulltrúi VA Richard Briem, fulltrúi Landmótunar Þórhildur Þórhallsdóttir og Borghildur Sölvey Sturludóttur verkefnisstjóri taka sæti á fundinum undir þessum lið.

3. Smiðshöfði 19, breyting á deiliskipulagi (04.061.4) Mál nr. SN160935
551211-0100 Billboard ehf., Lyngási 11, 210 Garðabær
571008-2030 Breiðás ehf, Brúnastöðum 73, 112 Reykjavík

Lögð fram umsókn Breiðás ehf., mótt. 11. nóvember 2016, varðandi breytingu á deiliskipulagi fyrir lóðina nr. 19 við Smiðshöfða. Í breytingunni felst að heimilað verði að hafa LED skjá á gafli hússins. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 8. maí 2017.

Synjað með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 8. maí 2017.

Umhverfis- og skipulagsráðsfulltrúar sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins Áslaug María Friðriksdóttir og Herdís Anna Þorvaldsdóttir sitja hjá í ljósi þess að skiljanlegt hljóti að teljast að viðkomandi hafi sett upp skilti á sama stað og fyrrverandi skilti þó um aðra tækni sé að ræða. Borgin eigi fyrst og fremst að einbeita sér að því að endurskoða reglur vegna nýrrar tækni í stað þess að agnúast út í athafnafólk. Þrátt fyrir að deiliskipulagi verði ekki breytt megi koma til móts við aðilana með undanþágum þar til reglur eru skýrar. Þá vilja fulltrúarnir gera athugasemdir við að í umsögn skipulagsfulltrúa er stuðst við forsendur sem ekki er búið að setja stefnu um. Eðlilegt væri að vísa málinu í svokallaðan skiltahóp sem hefur það verkefni að móta stefnu um LED skilti í borginni og hefur ekki lokið störfum. Mýtan um að verkalag borgarinnar sé að allt sé bannað nema það sé sérstaklega leyft er greinilega sönn.

Umhverfis- og skipulagsráðsfulltrúar Bjartrar framtíðar, Samfylkingarinnar og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi bókun:

Samkvæmt tillögu starfshóps sem lögð var fyrir í Umhverfis- og skipulagsráði á dögnum var ákveðið að gera ekki breytingar á deiliskipulagsáætlunum vegna ljósaskilta þangað til frekari skilyrði liggja fyrir. Afgreiðslan er í samræmi við þá stefnu. Mýtur eru samkvæmt orðanna hljóðan ekki sannar.

Vísað til borgarráðs.

Jón Kjartan Ágústsson verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

- Kl. 10.00 víkur Trausti Harðarson af fundi, Sveinbjörg Birna Sveinbjörnsdóttir tekur sæti á fundinum á sama tíma.

4. Hraunbær 103-105, breyting á (04.331.1) Mál nr. SN170040
deiliskipulagi
570480-0149 Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík

Að lokinni grenndarkynningu er lögð fram að nýju umsókn skrifstofu eigna og atvinnuþróunar, mótt. 18. janúar 2017, varðandi breytingu á deiliskipulagi fyrir lóðina nr. 103-105 við Hraunbæ. Í breytingunni felst m.a. að skerpt er á vafaatriðum í skilmálum s.s. varðandi byggingarmagn og bílastæði, settur er inn byggingarreitur fyrir djúpgáma á lóðinni, samkvæmt uppdr. Reykjavíkurborgar, umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 18. janúar 2017. Tillagan var grenndarkynnt frá 2. mars til og með 30. mars 2017. Eftirtaldir aðilar sendu inn athugasemdir: Ingi Walter Sigurvinsson f.h. 5 aðila, dags. 20. febrúar 2017, Indriði Freyr Indriðason, dags. 21. febrúar 2017, Karl Raymond Birgisson f.h. Dverghamra ehf., dags. 30. mars 2017 og Indriði Freyr Indriðason og Jón Jakob Jóhannesson,

dags. 30. mars 2017. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 3. maí 2017.

Samþykkt með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 3. maí 2017.
Vísað til borgarráðs.

Guðlaug Erna Jónsdóttir verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

5. Fossvogsvegur (Vigdísarlundur), (01.849) Mál nr. SN150641
deiliskipulag

Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju tillaga KRADS ehf., dags. 1. desember 2016, að deiliskipulagi svæðis í vestanverðum Fossvogi sem afmarkast af Fossvogsvegi, Árlandi og göngustígum. Megintilgangur með gerð deiliskipulagsins er að fylgja eftir áformum aðalskipulags Reykjavíkur 2010-2030 um mótun byggðar í vestanverðum Fossvogi og stuðla að hæfilegri uppbyggingu á svæðinu. Horft er á svæðið í heild og uppbygging hugsuð í samhengi við nágrennið, þannig að hún styrki heildaryfirbragð svæðisins. Tillagan var auglýst frá 8. febrúar til og með 22. mars 2017. Eftirtaldir aðilar sendu athugasemdir: Haukur Örn Gunnarsson, dags. 21. mars 2017, Eva B. Helgadóttir, dags. 22. mars 2017, Arnar Ólafsson, Sigurður Morizsson og Halldór Geir Jensson f.h. eigendur að Fossvogsbletti 2 og 2A, dags. 22. mars 2017, Guðjón Þorkelsson, dags. 22. mars 2017 og Páll Guðjónsson og Þorkell Guðjónsson, dags. 22. mars 2017. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 5. maí 2017. Jafnframt er lagður fram uppdr. KRADS ehf., dags. 1. desember 2016, br. 26. apríl 2017.
Samþykkt með þeim breytingum sem fram koma í umsögn skipulagsfulltrúa dags. 5. maí 2017.
Vísað til borgarráðs.

Björn Ingi Edvardsson verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

6. Fossvogur brú, deiliskipulag (01.8) Mál nr. SN160764

Að lokinni kynningu er lögð fram að nýju deiliskipulagslýsing fyrir brú yfir Fossvog fyrir gangandi, hjólandi og almenningsvagna, dags. október 2016. Markmið deiliskipulagsins er að tengja Kársnes með nýrri þverun brúar yfir Fossvog við aðliggjandi byggð og jafnframt efla vistvæna samgönguvalkosti á svæðinu ásamt því að stytta ferðalengdir, dreifa umferðarálagi á fleiri leiðir og á fjölbreyttara val á ferðamáta. Kynning stóð til og með 20. apríl 2017. Eftirtaldir aðilar sendu umsagnir/athugasemdir: Minjastofnun Íslands, dags. 24. mars 2017, Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur, dags. 4. apríl 2017, Vegagerðin, dags. 4. apríl 2017, Veitur, dags. 5. apríl 2017, Skipulagsstofnun, dags. 31. mars 2017, Landsamtök hjólréiðamanna, dags. 11. apríl 2017, Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, dags. 12. apríl 2017, Háskóli Reykjavíkur, dags. 20. apríl 2017, Fiskistofa, dags. 27. apríl 2017 og Arnar Freyr Jónsson f.h. Siglingafélags Reykjavíkur ásamt viðhengi, dags. 19. apríl 2017.
Athugasemdir og ábendingar kynntar.

Björn Ingi Edvardsson verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

7. Haukdælabraut 10, breyting á (05.114.5) Mál nr. SN170233
deiliskipulagi

Að lokinni grenndarkynningu er lögð fram að nýju tillaga Teiknistofu Gylfa Guðjónssonar og félaga ehf. og umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 14. mars 2017, um breytingu á deiliskipulagi Reynisvatnsás vegna lóðarinnar nr. 10 við Haukdælabraut. Í breytingunni felst að byggingarreitur á lóð er stækkaður á tveimur stöðum til þess að rýmka fyrir möguleikum á því að koma fyrir

einbýlishúsi á lóðinni. Tillagan var grenndarkynnt frá 23. mars til og með 20. apríl 2017. Eftirtaldir aðilar sendu athugasemdir: Ragnar Már Vilhjálmsson og Ásta Júlía Björnsdóttir, dags. 20. apríl 2017. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 5. maí 2017.

Samþykkt með þeim breytingum sem fram koma í umsögn skipulagsfulltrúa dags. 5. maí 2017.

Vísað til borgarráðs.

Lilja Grétarsdóttir verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

8. Fiskislóð 71-73, breyting á deiliskipulagi (01.087.1) Mál nr. SN170119
421014-1590 Opus fasteignafélag ehf., Garðastræti 37, 101 Reykjavík
220850-2189 Kjartan Rafnsson, Smiðjustígur 11b, 101 Reykjavík

Að lokinni grenndarkynningu er lögð fram að nýju umsókn Kjartans Rafnssonar, mótt. 9. febrúar 2017, varðandi breytingu á deiliskipulagi Vesturhafnar, Örfirisey, vegna lóðarinnar nr. 71-73 við Fiskislóð. Í breytingunni felst stækkun á byggingarreit til norðurs um 7,5 metra, samkvæmt uppdr. Teiknistofu arkitekta Gylfa Guðjónssonar og félaga ehf., dags. 9. september 2016. Tillagan var grenndarkynnt frá 7. mars til og með 4. apríl 2017. Eftirtaldir aðilar sendu athugasemdir: Jón Steinn Elíasson framkvæmdastjóri Toppfisk ehf., dags. 3. apríl 2017 og Pétur Björnsson, dags. 3. apríl 2017. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 7. maí 2017.

Samþykkt með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 7. maí 2017.

Vísað til borgarráðs.

Borghildur Sölvey Sturludóttur verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

(B) Byggingarmál

9. Afgreiðslufundur byggingarfulltrúa, Mál nr. BN045423
fundargerð

Fylgiskjal með fundargerð þessari er fundargerð afgreiðslufundar byggingarfulltrúa nr. 923 frá 9. maí 2017.

(E) Umhverfis- og samgöngumál

10. Sorpa bs., fundargerð Mál nr. US130002

Lögð fram fundargerð Sorpu bs. nr. 374 frá 5. maí 2017.

11. Lækjartorg, neyðaraðkoma lögreglu og slökkviliðs Mál nr. US170159

Lögð fram tillaga umhverfis- og skipulagssvið, skrifstofu framkvæmda og viðhalds dags. 1. maí 2017 varðandi neyðaraðkomu lögreglu og slökkviliðs að Lækjartorgi.

Samþykkt með fyrirvara um samþykki lögreglustjóra höfuðborgarsvæðisins sbr. 2. mgr. 81.gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Ólafur Ólafsson deildarstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

12. Sniðtalningar 2016, umferðartalningar í Mál nr. US170158
Reykjavík

Kynnt skýrsla umhverfis- og skipulagssviðs, samgöngur, dags. í janúar 2017, um sniðtalningar í Reykjavík fyrir árið 2016.
Kynnt.

Björg Helgadóttir verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

(C) Fyrirspurnir

13. Hallveigarstígur 1, (fsp) breyta aðkomu (01.171.2) Mál nr. SN170324
að kjallarárými
511099-2429 Arkibúllan ehf, Tómasarhaga 31, 107 Reykjavík

Lögð fram fyrirspurn Margrétar Leifsdóttur, mótt. 31. mars 2017, um að breyta aðkomu að kjallarárými á lóð nr. 1 við Hallveigarstíg, samkvæmt tillögu Arkibúllunnar ehf., dags. 19. desember 2016. Einnig er lagt fram bréf Arkibúllunnar ehf., dags. 31. mars 2017 og umsögn skipulagsfulltrúa dags. 8. maí 2017.

Umhverfis- og skipulagsráð gerir ekki skipulagslegar athugasemdir að umsækjandi láti vinna breytingu að deiliskipulagi samanber umsögn skipulagsfulltrúa dags. 8. maí 2017.

Jón Kjartan Ágústsson verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

14. 1.172.0 Brynjureitur, (fsp) breyting á (01.172.0) Mál nr. SN170203
skilmálum deiliskipulags vegna bílastæða
671106-0750 Þingvangur ehf., Hlíðasmára 9, 201 Kópavogur

Lögð fram fyrirspurn Þingvangs ehf., mótt. 7. mars 2017, um breytingu á skilmálum deiliskipulags reits 1.172.0, Brynjureits, sem felst í að að bílastæðamagn verði 0,3 - 1 stæði á íbúð og 0,3 - 1 stæði á 100 m² atvinnuhúsnæði. Einnig er lagt fram bréf Þingvangs ehf., dags. 9. mars 2017.

Jafnframt er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 8. maí 2017.
Neikvætt með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 8. maí 2017.

Margrét Þormar verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

15. Nýlendugata 34, (fsp) stækkun á (01.130.2) Mál nr. SN170293
byggingarreit og aukning á
byggingarmagni
480915-1510 Arwen Holdings ehf., Seljavegi 2, 101 Reykjavík
680113-0840 Ydda arkitektar ehf., Seljavegi 2, 101 Reykjavík

Lögð fram fyrirspurn Arwen Holdings ehf., mótt. 28. mars 2017, varðandi stækkun á byggingarreit lóðarinnar nr. 34 við Nýlendugötu og aukningu á byggingarmagni sem felst í að heimilt verði að reisa nýbyggingu á lóðinni með allt að sex til sjö íbúðum, samkvæmt uppdr. Ydda arkitekta ehf., dags. 28. mars 2017. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 8. maí 2017.

Jákvætt með þeim leiðbeiningum sem fram koma í umsögn skipulagsfulltrúa dags. 8. maí 2017.

Borghildur Sölvey Sturludóttir verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

- Kl. 12.08 vikur Sigurborg Ó. Haraldsdóttir af fundi.

16. Hjarðarhagi 47-49, (fsp) breyting á (01.130.2) Mál nr. SN170158
deiliskipulagi
440703-2590 THG Arkitektar ehf., Faxafeni 9, 108 Reykjavík

510907-0940 Reitir I ehf., Kringlunni 4-12, 103 Reykjavík

Lögð fram fyrirspurn THG arkitekta f.h. Reita 1 ehf., dags. 21. febrúar 2017 varðandi breytingu á deiliskipulagi fyrir lóðina nr. 47-49 við Hjarðarhaga sem felst í að hækka húsið um eina inndregna hæð, samkvæmt uppdr. THG Arkitekta ehf., dags. 20. febrúar 2017. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 8. maí 2017.

Jákvætt með þeim skilyrðum sem fram koma í umsögn skipulagsfulltrúa dags. 8. maí 2017.

Hildur Gunnarsdóttir verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

17. Suðurlandsbraut 12, (fsp) stækkun húss (01.263.0) Mál nr. SN170263 til suðurs
450310-0340 Reykjavík Lights Hotel ehf., Iðalind 2, 201 Kópavogur
710178-0119 T.ark Arkitektar ehf., Brautarholti 6, 105 Reykjavík

Lögð fram fyrirspurn T.ark Arkitekta ehf., mótt. 21. mars 2017, um að stækka húsið á lóð nr. 12 við Suðurlandsbraut til suðurs, samkvæmt tillögu T.ark Arkitekta ehf., dags. 20. mars 2017. Einnig er lagt fram bréf T.ark Arkitekta ehf., dags. 21. mars 2017 og umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 8. maí 2017.

Umhverfis- og skipulagsráð gerir ekki skipulagslegar athugasemdir að umsækjandi láti vinna breytingu að deiliskipulagi samanber umsögn skipulagsfulltrúa dags. 8. maí 2017.

Lilja Grétarsdóttir verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

(D) Ýmis mál

18. Umhverfis- og skipulagssvið, Mál nr. US130045
innkaupaskýrsla (USK2015020003)

Lagt fram yfirlit yfir viðskipti umhverfis- og skipulagssviðs við innkaupadeild í apríl 2017.

19. Umhverfis- og skipulagssvið, ársuppgjör Mál nr. US170149
2016

Lögð fram og kynnt greinargerð vegna ársuppgjörs umhverfis- og skipulagssviðs fyrir árið 2016, ásamt verkstöðuskýrslu.
Kynnt.

Hreinn Ólafsson fjármálastjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

20. Umhverfis- og skipulagssvið, greining Mál nr. US170152
þjónustupátta byggingarfulltrúa með
jafnréttismatsaðferð

Kynnt greining þjónustupátta byggingarfulltrúa með aðferðafræði kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar.
Kynnt.

Steinunn Rögnvaldóttir sérfræðingur tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

21. Umhverfis- og skipulagssvið, greining Mál nr. US170153
þjónustupátta Grasagarðsins með
jafnréttismatsaðferð

Kynnt greining þjónustubátta Grasagarðsins með aðferðafræði kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar.
Kynnt.

Steinunn Rögnvaldóttir sérfræðingur tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

22. Umhverfis- og skipulagssvið, greining þjónustubátta Vinnuskóla Reykjavíkur með jafnréttismatsaðferð Mál nr. US170155

Kynnt greining þjónustubátta Vinnuskóla Reykjavíkur með aðferðafræði kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar.
Kynnt.

Steinunn Rögnvaldóttir sérfræðingur tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

23. Umhverfis- og skipulagssvið, greining þjónustubátta landupplýsingadeildar (LUKR) með jafnréttismatsaðferð Mál nr. US170154

Kynnt greining þjónustubátta landupplýsingadeildar (LUKR) með aðferðafræði kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar.
Kynnt.

Steinunn Rögnvaldóttir sérfræðingur tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

24. Betri Reykjavík, gera Laugavegin að vistgötu (USK2015070053) 530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík Mál nr. US150174

Lagt fram erindið „Gera Laugavegin að vistgötu“ sem tekið var af samráðsvefnum Betri Reykjavík þann 31. júlí 2015. Erindið var þriðja efsta hugmynd júlímánaðar á samráðsvefnum og kemur úr flokknum Umhverfismál. Einnig er lögð fram umsögn umhverfis- og skipulagssviðs, samgöngustjóra, dags. 8. maí 2017.

Umsögn umhverfis- og skipulagssviðs, samgöngustjóra dags. 8. maí 2017 samþykkt.

25. Betri Reykjavík, notum harðkornadekk í stað nagladekkja (USK2015120054) 530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík Mál nr. US160008

Lagt fram erindið „notum harðkornadekk í stað nagladekkja“ sem tekið var af samráðsvefnum Betri Reykjavík þann 29. desember 2015. Erindið var efsta hugmynd desembermánaðar 2015 í málaflokknum ýmislegt. Einnig er lögð fram umsögn umhverfis- og skipulagssviðs, samgöngustjóra dags. 8. maí 2017.

Umsögn umhverfis- og skipulagssviðs, samgöngustjóra dags. 8. maí 2017 samþykkt.

26. Betri Reykjavík, setja upp hlið á göngustíg á milli Rimaskóla og Miðgarðs - Langarima (USK2016020034) 530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík Mál nr. US160050

Lagt fram erindið „setja upp hlið á göngustíg á milli Rimaskóla og Miðgarðs - Langarima“ sem tekið var af samráðsvefnum Betri Reykjavík þann 31. janúar 2016. Erindið var efsta hugmynd janúarmánaðar 2016 í málaflokknum ýmislegt.

Einnig er lögð fram umsögn umhverfis- og skipulagssviðs, samgöngustjóra dags. 8. maí 2017.

Umsögn umhverfis- og skipulagssviðs, samgöngustjóra dags. 8. maí 2017 samþykkt.

27. Betri Reykjavík, auka stoppistöðvum strætisvagna (USK2016070014) Mál nr. US160196
530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík

Lagt fram erindið „auka stoppistöðvum strætisvagna“ sem tekið var af samráðsvefnum Betri Reykjavík þann 6. júlí 2016. Erindið var fjórða efsta hugmynd maímánaðar á samráðsvefnum og kemur úr málaflokknum samgöngur. Einnig er lögð fram umsögn umhverfis- og skipulagssviðs, samgöngustjóra, dags. 8. maí 2017.

Umsögn umhverfis- og skipulagssviðs, samgöngustjóra dags. 8. maí 2017 samþykkt.

28. Grensásvegur 16a og Síðumúli 37-39, (01.295.4) Mál nr. SN170237
kæra 32/2017, umsögn
701211-0140 Úrskurðarnefnd umhverfis/auðlin, Skuggasundi 3, 101 Reykjavík

Lagt fram bréf úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, dags. 16. mars 2017, ásamt kæru þar sem kært er deiliskipulag og framkvæmdaleyfi fyrir Grensásveg 16A og Síðumúla 37-39. Í kærinni er gerð krafa um stöðvun framkvæmda til bráðabirgða. Einnig er lögð fram umsögn skrifstofu sviðsstjóra, dags. 28. apríl 2017.

29. Langholtsvegur 113, kæra 44/2017, (01.414.0) Mál nr. SN170361
umsögn
701211-0140 Úrskurðarnefnd umhverfis/auðlin, Skuggasundi 3, 101 Reykjavík

Lagt fram bréf úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, dags. 24. apríl 2017, ásamt kæru, dags. 14. apríl 2017, þar sem kærð er breyting á deiliskipulagi Langholtsvegur/Drekavogar vegna lóðarinnar nr. 113 við Langholtsveg. Einnig er lögð fram umsögn skrifstofu sviðsstjóra, dags. 5. maí 2017.

30. Tunguháls 17, kæra 31/2017, umsögn (04.327.0) Mál nr. SN170236
701211-0140 Úrskurðarnefnd umhverfis/auðlin, Skuggasundi 3, 101 Reykjavík

Lagt fram bréf úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, dags. 14. mars 2017 ásamt kæru þar sem kærð er ákvörðun byggingarfulltrúa frá 15. febrúar 2017 um að fjarlægja skuli bílastæði af lóðinni Tunguháls 17. Einnig er lögð fram umsögn skrifstofu sviðsstjóra, dags. 30. apríl 2017.

31. Húsverndarsjóður Reykjavíkur 2017, Mál nr. US170008
úthlutun styrkja 2017

Lagt fram bréf borgarstjóra, dags. 28. apríl 2017, um samþykki borgarráðs 27. apríl 2017 varðandi tillögu að úthlutun úr Húsverndarsjóði 2017.

- Kl. 13.35 vikur Sveinbjörg Birna Sveinbjörnsdóttir af fundi .

Fundi slitið kl. 13.40.

Karl Sigurðsson
Stefán Benediktsson
Áslaug María Friðriksdóttir

Sverrir Bollason
Gísli Garðarsson
Herdís Anna Þorvaldsdóttir

Afgreiðsla byggingarfulltrúa samkv. samþykkt nr. 161/2005

Árið 2017, þriðjudaginn 9. maí kl. 10.09 fyrir hádegi hélt byggingarfulltrúinn í Reykjavík 923. fund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar umhverfis- og skipulagsráðs. Fundurinn var haldinn í fundarherberginu 2. hæð Borgartúni 12-14. Þessi sátu fundinn: Björgvin Rafn Sigurðarson, Sigrún Reynisdóttir, Nikulás Úlfar Másson, Halldóra Theódórsdóttir, Olga Hrund Sverrisdóttir, Óskar Torfi Þorvaldsson, Jón Hafberg Björnsson og Sigríður Maack. Fundarritari var Björgvin Rafn Sigurðarson.

Þetta gerðist:

Nýjar/br. fasteignir

1. Almennadalur 5 (05.865.701) 209396 Mál nr. BN052446
311250-2729 Heiðar P Breiðfjörð, Hjarðarhagi 58, 107 Reykjavík
190950-4849 Sveinbjörg Gunnarsdóttir, Hjarðarhagi 58, 107 Reykjavík
Sótt er um breytingu á áður samþykktu erindi BN044196 sem felst í að hluta af hestastíu á neðri hæð er breytt í kaffistofu, gerður er sér inngangur að efri hæð, eldhúskrókur á efri hæð færður og innveggjum breytt í húsi nr. 5 á lóð nr. 1-7 við Almennadal.
Gjald kr. 11.000
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
2. Austurbakki 2 (01.119.801) 209357 Mál nr. BN052822
530513-1060 Austurhöfn ehf., Laugavegi 182, 105 Reykjavík
Sótt er um takmarkað byggingarleyfi fyrir undirstöður, botnplötu og lagnir í grunn fyrir hótél, mhl.06, á lóð nr. 2 við Austurbakka sbr. erindi BN050485.
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Samþykktin fellur úr gildi við útgáfu á endanlegu byggingarleyfi. Vegna útgáfu á takmörkuðu byggingarleyfi skal umsækjandi hafa samband við yfirverkfræðing embættis byggingarfulltrúa.
Skilyrt er að ný eignaskiptayfirlýsing sé samþykkt fyrir útgáfu byggingarleyfis, henni verður þinglýst eigi síðar en við foheldi.
Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.7 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012.
Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða.
Með vísan til samþykktar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 22. maí 2013, skal lóðarhafi, í samráði við byggingarfulltrúa, setja upp skilti til kynningar á fyrirhuguðum framkvæmdum á byggingarstað.
Í samræmi við samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs dags. 9. október 2013 skal vélknúinn þvottabúnaður vera til staðar á byggingarlóð sem tryggir að vörubílar og aðrar þungavinnuvélar verði þrífarnar áður en þær yfirgefa byggingarstað. Samráð skal haft við byggingarfulltrúa um staðsetningu búnaðarins.
Sérstakt samráð skal haft við yfirverkfræðing byggingarfulltrúa vegna jarðvinnu.
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.
Áskilið samþykki Vinnueftirlits ríkisins.

3. Ármúli 42 (01.295.104) 103836 Mál nr.
BN052553
661198-2819 Karmur ehf., Ármúla 42, 108 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að koma fyrir lyftu í stigahúsi, hækka þak yfir lyftu, stækka anddyri og koma fyrir vindfangi ásamt því að byggja nýjan vegg milli stigahúss og herbergja á 2. og 3. hæð í húsi á lóð nr. 42 við Ármúla.
Stækkun: A-rými 5,0 ferm., 31,3 rúmm.
Gjald kr. 11.000
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.7 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012.
Skilyrt er að yfirlýsingu um sameiningu eigna í mhl 03 verði þinglýst fyrir útgáfu byggingarleyfis.
Skilyrt er að eignaskiptayfirlýsing vegna lóðar sé samþykkt fyrir útgáfu byggingarleyfis, henni verður þinglýst eigi síðar en við lokaúttekt.
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
4. Bakkastaðir 113 (02.407.105) 178848 Mál nr.
BN052777
010555-3539 Brynhildur Þorgeirsdóttir, Bakkastaðir 113, 112 Reykjavík
Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum á erindi BN019030 vegna lokaúttektar á raðhúsinu nr. 113 lóð nr. 113 - 121 við Bakkastaði.
Gjald kr. 11.000
Frestað.
Vísað til athugasemda eldvarnareftirlits á umsóknarblaði.
5. Bauganes 27 (01.673.008) 106825 Mál nr.
BN052608
140176-6059 Magnús Jóhannsson, Bauganes 27, 101 Reykjavík
211177-5439 María Björg Sigurðardóttir, Bauganes 27, 101 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að lækka gólf í kjallara um 60 cm, gera 2 herbergi og baðherbergi í kjallara ásamt björgunaropum, breyta innra skipulagi, breyta gluggum og steypa nýjar útitröppur í húsi á lóð nr. 27 við Bauganes.
Stækkun 58,6 rúmm.
Gjald kr. 11.000
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.7 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
6. Bergstaðastræti 33B (01.184.410) 102070 Mál nr.
BN052687
670812-0810 Almenna C slhf., Garðastræti 37, 101 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta notkunarflokki húss í flokk 4 og fyrir áður gerðum breytingum m.a. viðbyggingu og innra skipulagi rishæðar í húsinu á lóð nr. 33 B við Bergstaðastræti.
Umsögn Minjastofnun Íslands dags. 2. maí 2017 og bréf hönnuðar dags. 3. maí 2017 fylgir.
Gjald kr. 11.000
Frestað.
Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa til ákvörðunar um grenndarkynningu.
Vísað til uppdráttar 10-01,10-02,10-03 dags. 3. maí 2017.

Jafnframt fylgir umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 2. maí 2017.

7. Bergþórugata 19 (01.190.218) 102421 Mál nr.
BN052113
431116-0730 Heimasetur ehf., Bergþórugötu 19, 101 Reykjavík
130373-4299 Gréta Sandra Davidsson, Bergþórugata 19, 101 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að byggja svalir á 1. og 2. hæð og sameina tvær íbúðir í húsi á lóð nr. 19 við Bergþórugötu.
Erindi fylgir umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 23. mars 2017.
Gjald kr. 10.100
Frestað.
Lagfæra skráningu.
8. Bíldshöfði 18 (04.065.002) 110672 Mál nr.
BN052790
480207-0760 Fasteignafélagið GS ehf, Bíldshöfða 18, 110 Reykjavík
Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum í mhl. 02 sem felast í breytingum á innra fyrirkomulagi og útliti á húsi á lóð nr. 18 við Bíldshöfða.
Gjald kr. 11.000
Frestað.
Vísað til athugasemda á umsóknarblaði.
9. Drápuhlíð 19 (01.702.222) 107066 Mál nr.
BN052766
611215-0960 ÞJ13 ehf., Drápuhlíð 19, 105 Reykjavík
Sótt er um leyfi fyrir breytingum á innra fyrirkomulagi í kjallara og breytingum á eignamörkum vegna gerðar eignaskiptayfirlýsingar í húsi á lóð nr. 19 við Drápuhlíð.
Gjald kr. 11.000
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Skilyrt er að eignaskiptayfirlýsingu vegna breytinga í húsinu sé þinglýst til þess að samþykktin öðlist gildi.
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
10. Eggertsgata 2-34 (01.634.-99) 106682 Mál nr.
BN052738
540169-6249 Félagsstofnun stúdenta, Háskólatorgi Sæmundar, 101 Reykjavík
Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum sem felast í því að steypt hefur verið skyggni við inngang, anddyri stækkað og settar hafa verið upp svalalokanir samhliða viðhaldsframkvæmdum í húsi nr. 2-4 á lóð nr. 2-34 við Eggertsgötu.
Stækkun: A-rými x ferm., x rúmm.
Gjald kr. 11.000
Frestað.
Vísað til athugasemda á umsóknarblaði.
11. Eiríksgata 17 (01.195.214) 102606 Mál nr.
BN052612
610613-1520 Almenna E slhf., Garðastræti 37, 101 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að setja svalir á íbúðir 0101 og 0201 á austurhlið og á íbúð 0301, sem er þakhæð, á norðurhlið, ásamt því að breyta notkunarflokki í flokk 4 og notkun í gististað í flokki II í húsi á lóð nr. 17 við Eiríksgötu.
Jafnframt er erindi BN049684 sem er nýlega samþykkt dregið til baka.
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 31. mars 2017 fylgir erindinu, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 31. mars 2017. Bréf frá hönnuði dags. 3. maí 2017 fylgir erindi.
Gjald kr. 11.000

Frestað.

Uppfærðir uppdættir 10-01, 10-02, 10-03, 10-04, dags. 3. maí 2017 vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

12. Eyjarslóð 1 (01.111.502) 100028 Mál nr.
BN052779
520302-2120 Klapparvör ehf, Tryggvagötu 11, 101 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að byggja þriggja hæða viðbygginu úr járnbentri steinseypu, einangrað að utan á byggingareit sem er merktur sem mhl. 03 á loð nr. 1 við Eyjarslóð.
Stærð hús er: 1.088,3 ferm., 4.291,5 rúmm.
Gjald kr. 11.000
Frestað.
Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.
13. Eyjarslóð 1 (01.111.502) 100028 Mál nr.
BN052195
541008-1440 GT 2 ehf., Fiskislóð 31, 101 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að byggja nýja inndregna 3. hæð yfir mhl. 01 og 02 úr stáli og timburgrind, fjölga eignum í báðum matshlutum, breyta innra skipulagi 2. hæðar í mhl. 2, koma fyrir burðarsúlum og nýrri steyptri loftplötu yfir 2. hæð í mhl. 01 og nýjum inngangi á 1. hæð í húsi á lóð nr. 1 við Eyjarslóð.
Bréf frá hönnuði dags. 03 feb. 2017 og samþykki frá Hólmaslóð 2a. 6. febr. 2017 fylgir.
Stækkun mhl. 01: 178,2 ferm. XX. rúmm.
Mhl. 02: 334,0 ferm., XX rúmm.
Samtals stækkun: 512,2ferm., XX rúmm.
Gjald kr. 10.100
Frestað.
Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.
14. Faxafen 12 (01.466.102) 195610 Mál nr.
BN052002
660814-0860 Mobility Flex ehf., Síðumúla 14, 108 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að innrétta líkamsræktarstöð á 2. hæð, byggja millipall og setja hurð milli brunahólfa/eignarhluta fyrir flóttaleið ásamt því að setja skilti á austurhlið í húsi á lóð nr. 12 við Faxafen.
Stækkun: Milliloft 40,9 rúmm.
Samþykki eigenda 0202 og 0211 dags. í febrúar 2017 fylgir erindi.
Gjald kr. 10.100
Frestað.
Vísað til athugasemda á umsóknarblaði.
15. Fákafen 11 (01.463.402) 105679 Mál nr.
BN052776
420908-1560 ÞEJ fasteignir ehf, Bíldshöfða 16, 110 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að innrétta kaffibar, bæta við snyrtingu og auka gestafjölda í veitingastað í flokki II - teg. c í húsi á lóð nr. 11 við Fákafen.
[Gjald kr. 11.000
Frestað.
Vísað til athugasemda á umsóknarblaði.
16. Frakkastígur 8 (01.172.109) 101446 Mál nr.
BN052781
500613-0170 Blómapiing ehf., Pósthólf 8814, 128 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN047643, í 1. ágangi er um að ræða breytingar á innra skipulagi s.s. fyrirkomulag við lyftu við Hverfisgötu, útidyr færast að útvegg, geymslur, sorp-, hjóla- og vagnageymsla færast til, innrétta

íbuð í rými 0204 og í 2. áfanga er innréttað lagnarými í stað jarðvegsfyllingar, fyrirkomulagi baðherbergja hefur verið breytt, gluggar stigahúss verða opnanlegir og þakform lyftustokks breytist í 1. og 2. áfanga fjölbýlishúsa á Frakkastígsreit á lóð nr. 8 við Frakkastíg.

Erindi fylgir greinargerð hönnuðar dags. 25. apríl 2017.

Stækkun: xx ferm., xx rúmm.

Gjald kr. 11.000

Frestað.

